

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá Styrktarsjóðs Þórbergs Þórðarsonar og Margrétar Jónsdóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 6. nóvember 1970.

Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá **Styrktarsjóðs Þórbergs Þórðarsonar og Margrétar Jónsdóttur.**

1. gr.

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður Þórbergs Þórðarsonar og Margrétar Jónsdóttur. Sjóðurinn er eign Háskóla Íslands og er ávöxtun hans í höndum rektors og háskólaráðs.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Þórbergi Þórðarsyni rithöfundi og Margrétu Jónsdóttur konu hans.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja samningu og útgáfu íslenzkrar samheitaorðabókar, rímorðabókar og íslenzkrar stílfræði, svo og að styrkja endursamningu og endurútgáfu nefndra bóka meðan sjóðurinn endist. Við úthlutun úr sjóðnum skal samheitorðabók sitja í fyrirrúmi.

4. gr.

Stjórn sjóðsins ákveður úthlutun úr honum. Stjórnina skulu skipa 3 menn: Forstöðumaður Orðabókar Háskólans, og er hann formaður stjórnar, prófessor í bókmenntum eða íslenzkri málfræði, tilnefndur af heimspekideild til þriggja ára í senn, og rektor eða fulltrúi hans.

5. gr.

Styrk úr sjóðnum skal aðeins veita manni eða mönnum, sem hafa kynnt sér rækilega samningu bóka ofangreindra tegunda erlendis og eru óumdeildanlega verkinu vaxnir að því er snertir þekkingu, verk hæfni og innræti. Heimilt er að skerða höfuðstól sjóðsins eftir því sem þurfa þykir til að tilgangi hans verði náð sbr. 3. gr.

6. gr.

Gera skal reikninga sjóðsins ár hvert og skulu niðurstöður þeirra birtast í árbók Háskólans. Reikningar skulu endurskoðaðir með sama hætti og reikningar annarra háskólasjóða.

7. gr.

Sjóðinn skal svo sem unnt er varðveita í fasteignum eða öðrum verðmætum, sem halda gildi sínu á svipaðan hátt.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og skal hún síðar prentuð í B-deild Stjórnartíðinda og Árbók Háskólans.